

## REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 252/2012 um aðferðir  
við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi dioxína,  
dioxínlíkra PCB-efna og ódioxínlíkra PCB-efna í tilteknun matvælum  
og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1883/2006.**

### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 207/2012, frá 8. desember 2012, öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 252/2012 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi dioxína, dioxínlíkra PCB-efna og ódioxínlíkra PCB-efna í tilteknun matvælum og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1883/2006. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 20, frá 28. mars 2013, bls. 142.

### 2. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna matvælaftirlits sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

### 3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli.

### 5. gr.

Reglugerðin tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 267/2010 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1883/2006 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi dioxína og dioxínlíkra PCB-efna í tilteknun matvælum.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. apríl 2013.*

F. h. r.  
**Halldór Runólfsson.**

*Eggert Ólafsson.*